

FERLISRITUN

(Process writing)

Aldurshópur

3.–10. bekkur

Um ferlisritun

Árið 1997 gaf Námsgagnastofnun út bókina *Skrifað í skrefum: Ferlisritun, handbók kennara* eftir þau Sigríði Heiðu Bragadóttur, Auði Ögmundsdóttur og Helga Grímsson. Helsta markmið bókarinnar var að kynna ferlisritun fyrir íslenskum kennurum með því að gefa út efni á íslensku sem tók mið af íslenskum aðstæðum og myndi leiða til heildstæðrar móðurmálskennslu og náms. Í inngangi segir meðal annars: „Í ferlisritun er jöfnum höndum verið að fást við stafsetningu, lestur, skrift, frágang, málfræði og ritleikni (efnistök, mál og stíl). Um leið eru nemendur þjálfaðir í skipulegum og sjálfstæðum vinnubrögðum (bls. 5).“ Líklegt er að margir skólar eigi þessa bók þrátt fyrir að útgáfu hennar hafi nú verið hætt og eru kennarar hvattir til að kynna sér efni hennar við framkvæmd á ferlisritun.

Bókin er byggð á kenningum Donalds H. Graves og Donalds Murray en best er að skýra ferlisritun sem nálgun eða aðferð við gerð ritsmiða. Uppruna stefnunnar má rekja til þess að margir kennarar og fræðimenn voru ósáttir við ritunarkennslu þar sem nemendur virtust ekki læra af fyrri mistökum, ábyrgðin væri öll á kennurum og að viðhorf fullorðinna til ritunar virtist almennt ekki gott. Þeir báru ekki hlýjan hug til ritunar, mátu hana lítils og ljóst var að áherslan var meira á stafsetningu og málfræði en á ritunina sjálfa. Graves og samstarfsmenn hann fóru því að leita nýrra leiða og veltu m.a. fyrir sér hvernig rithöfundar vinna og hvort byggja mætti á vinnubrögðum þeirra. Sú athugun leiddi í ljós að skipta mætti vinnu rithöfunda í grófum dráttum í fjögur þrep sem síðar var fjölgað í fimm. Þrepin eru: Undirbúningur, uppkast, umritun (uppbygging og inntak texta), yfirlestur (tæknileg atriði eins og greinarmerkjasetning og stafsetning) og birting. Graves og félagar lögðu áherslu á mikilvægi þess að kennarar skrifuðu einnig sjálfir þar sem innsýn í eigið ritunarferli gæti gagnast við ritunarkennslu og hafa þeir svarað áhyggjuröddum kennara af eigin ritun þannig að aðalatriðið væri ferlið en ekki afurðin. Loks ber að nefna að lögð var mikil áhersla á að nemendur öðluðust orðaforða til að ræða um ritun sína í gegnum regluleg ritunarsamtöl við kennarann.



Þrepin fimm

Í **undirbúningi** felst öll sú vinna sem er framkvæmd áður en ritunin sjálf fer fram. Textasmiður veltir fyrir sér tilgangi ritunarinnar, fyrir hvern hann ætli að skrifa og hvaða hugmyndir hann hafi. Gott er að tala við aðra um hugmyndirnar á þessu stigi.

Uppkast er annar hluti ferlisins og stundum vísað til sem „fyrstu drög“. Í þessum hluta skrifar textasmiður niður eins mikið um viðfangsefnið og hann man. Áhersla er lögð á að það eigi eftir að vinna meira með textann og því skipti ekki máli hvernig hann líti út á þessu stigi.

Þriðji hluti ferlisins er **umritun** þar sem textasmiður bætir við eða fellir úr textanum, umorðar eða endurraðar. Gott er að notast við féлага- eða kennarastuðning í þessum hluta og gagnlegt getur reynst að nota gátlista sem hjálpargagn í þessari vinnu.

Yfirlestur er fjórði og næstsíðasti hluti ferlisins. Þarna fínþússar textasmiður ritun sína; athugar stafsetningu, málfar og frágang og lagar ef þurfa þykir. Oft er notast við féлага- eða kennarastuðning í þessum hluta og aftur getur gátlisti verið hentugt hjálpargagn.

Fimmti og síðasti hluti ferlisins er **birting**. Þá er komið að uppskerunni þar sem textasmiður fær tækifæri til að leyfa öðrum að njóta ritsmíðar sinnar. Birting á afrakstri getur verið með margvíslegum hætti.

Markmið ferlisritunar

Ferlisritun er fyrst og fremst aðferð eða verkfæri sem ætlað er að:

- efla vilja eða löngun nemenda til að tjá sig á ritmáli.
- efla þekkingu nemenda á ritun.
- færa ábyrgð á ritun yfir á nemandann sjálfan.

Forsendur ferlisritunar

Kennari þarf að gæta þess að nokkrir þættir séu til staðar í kennslunni eða fyrirkomulagi til að ferlisritunin nái markmiði sínu:

- gefa þarf góðan tíma fyrir ritun, helst daglega.
- skipuleggja námsumhverfið þannig að það sé örvandi til ritunar.
- kynna nemendum ýmis ritunarform (sýna og lesa upp).
- kenna markvisst hvern þátt ferlisritunar (sjá umfjöllun um *Stigskiptan stuðning* undir ritunarhluta *Læsisvefsins*).
- rita með nemendum til að sýna þeim hvernig eigi að fara að (sjá umfjöllun á *Læsisvefnum* um *Stigskiptan stuðning: Sameiginleg ritun*).
- gefa tækifæri til samtals um ritun.

Þrátt fyrir að aðferðin hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir tæpum 40 árum hefur hún haldið gildi sínu og reynst mjög árangursrík nálgun í ritunarkennslu. Aðferðin lýsir því ferli sem ritsmíðar fara alla jafna í gegnum og henni er hægt að beita á hvaða textategund sem er. Ritunarkennsla er tímafrek og og ritun þarf mikið svigrúm í kennslu en ávinningurinn er margvíslegur, allt frá varðveislu minninga til gagnrýnni hugsunar. Það er því mikilvægt að ritun fái ríkari sess í móðurmálskennslu og hefur ferlisritun reynst góður farvegur fyrir hana.